

Ed.

9. Frumvarp til laga

[9. mál]

um lágmarkslaun.

Flm.: Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

1. gr.

Óheimilt er að greiða lægri grunnlaun fyrir 40 dagvinnustundir á viku en sem nemur 30 þús. kr. á mánuði miðað við framfærsluvísitölu 1. sept. 1986. Þessi lágmarkslaun breytast á þriggja mánaða fresti í samræmi við breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Frumvarp þetta var áður flutt á síðasta þingi og er nú endurflutt lítið breytt.

Samkvæmt gildandi kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins eru lægstu grunnlaun fyrir 40 stunda vinnuviku nú um 19 þús. kr. á mánuði. Framfærslukostnaður vísitölufjölskyldu, sem telur hjón og 1,66 börn, er hins vegar nú í byrjun október 1986 um 87 þús. kr. á mánuði. Hvað sem líður yfirborgunum af margvíslegu tagi liggur ljóst fyrir að fjölmargir launþegar, þar á meðal stærsti hluti kvenna á vinnumarkaði, hafa innan við 30 þús. kr. á mánuði í grunnlaun og geta því ekki framfleytt sér af afrakstri fullrar dagvinnu. Ómæld vinna, sem óhjákvæmilega bitnar á heilsufari og fjölskyldum viðkomandi, er þess vegna eina leið fjölmargra til að láta enda ná saman, þ.e. þeirra sem ekki kikna undan byrðinni og leita á náðir opinberra stofnana með afkomu sína. Slíkt ástand er ekki með nokkru móti verjandi í íslensku velferðarþjóðfélagi og því er þetta frv. nú endurflutt.

Í frumvarpinu er gengið út frá því að það sé siðferðilegur réttur hvers vinnandi manns að geta framfleytt sér af afrakstri fullrar dagvinnu. Markmið þess er að koma í veg fyrir að fólk beri minna úr bótum fyrir fulla vinnu en sem nægir til að sjá sér farborða. Frumvarpið tekur aðeins til þeirra sem hafa laun undir 30 þús. kr. á mánuði en hreyfir ekki við launum sem hærri eru.

Samkvæmt lauslegri áætlun Þjóðhagsstofnunar gæti frumvarpið náð til um 35 þús. launþega og haft í för með sér allt að fjórðungs hækkun á dagvinnulaunum þessa hóps að meðaltali. Hins vegar er áætlað að heildarlaunakostnaður atvinnurekstrar í landinu hækki ekki um meira en sem nemur 3–5% miðað við heilt ár. Hækkun lægstu launa er því hvorki dýr né líkleg til að hleypa verðbólgunni á skrið að nýju.

Frumvarpið er í raun neyðarráðstöfun þar sem það á að vera hlutverk aðila vinnumarkaðarins en ekki Alþingis að sjá til þess að full dagvinnulaun nægi einstaklingi til framfærslu. Þegar aðilar vinnumarkaðarins bregðast þessu hlutverki sínu getur Alþingi hins vegar ekki setið hjá aðgerðarlaust. Einnig er vitað að sú endurskoðun á launakerfi vinnumarkaðarins, sem nú er unnið að, mun í engu breyta grundvallaratriðum þess, allra síst hvað konur varðar. Jafnframt er ljóst að aðilar vinnumarkaðarins geta ekki eða vilja ekki höggva á þann hnút sem jöfn prósentuhækkun allra launa, hárra sem lágra, hefur skapað í íslenskum launamálum. Því er hér lagt til að Alþingi hækki einhliða lægstu launin í landinu og tryggi þannig þann *lágmarksrétt* hvers vinnandi manns að geta framfleytt sjálfum sér af afrakstri fullrar dagvinnu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin kveður á um að óheimilt sé að greiða lægri laun fyrir 40 stunda dagvinnu en sem nemur 30 þús. kr. á mánuði miðað við framfærsluvísitölu 1. sept. 1986. Framfærslukostnaður vísitölufjölskyldu, þ.e. hjóna með 1,66 börn að meðaltali, er nú í byrjun október 1986 rétt innan við 87 þús. kr. á mánuði, miðað við vísitölugrundvöll þann sem gekk í gildi í febrúar 1984 og byggður er á neyslukönnun meðal hjóna á höfuðborgarsvæðinu á árunum 1978 og 1979. Enn er ekki til að dreifa útreikningi á framfærslukostnaði einstaklings og óvíst að takast megi að gera hann á grundvelli neyslukönnunar sem gerð var fyrr á þessu ári og Hagstofa Íslands vinnur nú úr. Hins vegar má ætla að framfærslukostnaður einstaklings sé nú að lágmarki 30–35 þús. kr. á mánuði miðað við að framfærslukostnaður vísitölufjölskyldu er um 87 þús. kr. á mánuði. Hugsanlegt er að framfærslukostnaður vísitölufjölskyldu breytist í kjölfar nýrrar neyslukönnunar, en ekki er reiknað með að þær breytingar ráði úrslitum né verði svo miklar að ætla megi að framfærslukostnaður einstaklings sé undir 30 þús. kr. á mánuði.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.